

Fundargerð 02.06.22

Mætt voru: Ólöf Kristín, Vala, Erla, Ingibjörg M., Gunnar, Sunneva og Margrét Ólöf Jónsdóttir aðstoðarskólastjóri sem stýrði fundi og ritaði fundargerð.

Dagskrá fundarins:

Starfsmannasamtöl

Farið var yfir helstu niðurstöður starfsmannasamtal.

Það góða:

- ▶ vikupistlar
- ▶ sveigjanlegur vinnutími
- ▶ hjálpssemi og liðsheild
- ▶ góður starfsandi
- ▶ kurteisi og vinsemd
- ▶ metnaður og virðing
- ▶ fagmennska
- ▶ traust til starfsfólks
- ▶ teymiskennsla
- ▶ samvinna
- ▶ KUKL

Viljum bæta:

- ▶ fjölga deildafundum
- ▶ upplýsingastreymi
- ▶ skipulag
- ▶ agamál
- ▶ meiri stuðningur inn í bekk
- ▶ reglulegir fundir með list- og verkgreinakennurum
- ▶ reglulegir fundir með þroskþjálfum og sérkennurum
- ▶ fundargerðir deildafunda aðgengilegar

Skólaráð

- ▶ hrósa hvert öðru
- ▶ virkja starfsfólk í ákvarðanatöku
- ▶ samstarf við list- og verkgreinakennara
- ▶ efla samtal á milli starfsfólks og stjórnenda

Niðurstöður skólaþings

Sáttmáli um símanotkun var unninn á skólaþingi sem haldið var í Setbergsskóla 7. maí 2022, af starfsfólki, nemendum og foreldrum. Í kjölfar þess voru reglur um símanotkun endurskoðaðar út frá því sem þar kom fram. Allir innan skólans bæði nemendur og starfsfólk á að fara eftir skólareglum um síma og sýna ábyrga notkun. Leitast er við að hafa reglurnar einfaldar og auðvelt að fylgja eftir enda var vilji skólaþings að svo væri.

Allir:

- Meginreglan er að símar eiga að vera stilltir á þögn á skólatíma. Símar eiga vera í tösku (ekki í vasa).
- Með öllu er óheimilt að taka myndir eða taka upp efni nema með sérstöku leyfi. Verði nemandi uppvís af því að taka upp efni án leyfis eru foreldrar/forráðmenn kallaðir til og nemandi látinn eyða efninu.
- Í ferðum á vegum skólans er nemendum ekki heimilt að vera með síma nema annað sé tilgreint í ferðaáætlun.

Yngsta stig:

- Komi nemendur í 1. – 4. bekk með farsíma í skólann skulu þeir geymdir í töskum og slökkt á þeim.

Miðstig: • Komi nemendur í 5. – 7. bekk með farsíma í skólann skulu þeir geymdir í töskum og slökkt á þeim.

Unglingastig: • Komi nemendur í 8. – 10. bekk með farsíma í skólann skulu þeir geymdir í töskum/skáp og slökkt á þeim.

- Nemendur mega vera með síma í frímínútum og eyðum á sérmerktum svæðum; hlusta, leika og grúska.
- Nemendur mega hringja úr sínum sínum í anddyri unglingadeildar.

Skólaráð

Undirbúningur næsta skólaárs

Undirbúningur næsta skólaárs er vel á veg kominn. Búið er að ráða í flestar stöður og stundatöflugerð er einnig langt komin.

Önnur mál:

Fundi slitið,

Margrét Ólöf Jónsdóttir.